

Dags eftirlits	20.8.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Stakksberg ehf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	óvenjubundið
Kennitala	5905171940	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Kristleifur Andrésson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í óvenjubundið eftirlit til að fylgja eftir frágangi í kjölfar rekstrarstöðvunar í kísilverksmiðju Stakksbergs í Helguvík.

Rekstur verksmiðjunnar hefur legið niðri frá 2017 og er óheimilt að hefja starfsemi að nýju nema að uppfylltum úrbótum vegna útistandandi frávíka, sbr. bréf dags. 1. september 2017 og 22. janúar 2018.

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik og engum ábendingum komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlit í Kísilverksmiðju Stakksbergs í Helguvík.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Staðan frá síðasta eftirliti.
2. Umgengni á lóð.
3. Geymsla og merkingar hættulegra efna.
4. Gagnaskil skv. starfsleyfi.
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni vettvangsheimsókna.
6. Önnur mál.

1. Rekstur verksmiðjunnar hefur legið niðri frá síðasta eftirliti en mat á umhverfisáhrifum fyrir endurnýjaðri verksmiðju er í ferli hjá Skipulagsstofnun.

2. Unnið hefur verið að því að ráðstafa framleiðsluefnum og hráefnum í viðeigandi farveg. Umgengni á lóð var góð og ekki tilefni til athugasemda.

3. Lítið er um hættuleg efni í verksmiðjunni en þó eru birgðir af rafskautamassa sem geymdur er innandyrá.

4. Núllskýrslur fyrir útstreymisbókhald og grænt bókhald voru sendar Umhverfisstofnun fyrir 1. maí 2021.

5. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni vettvangsheimsókna. Starfsemi Stakksbergs er metin í áhættuflokki D og þar með eftirlit þriðja hvert ár. Í ár var farið í óvenjubundið eftirlit til að fylgja eftir að frágangi í kjölfar rekstrarstöðvunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.04.2022


Halla Einarsdóttir